

Nd. **352. Frumvarp til laga** [70. mál]

um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. apríl.)

1. gr.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu heimilast með lögum þessum að selja ábúendum jarðirnar Meðalheim í Torfalækjarhreppi og Hamar í Svinavatnshreppi. Jarðirnar skulu seldar því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð þeirra. Andvirði jarðanna og þess, er þeim fylgir, er eign Afgjaldasjóðs kristfjárjarða í Húnavatnssýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.